



BARN AVERNDARSTOFA

Alþingi
Erindi nr. P 122/1682
komudagur 2.4.1998

Alþingi
Sólveig Pétursdóttir, formaður
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Tilvísun
98030016

Dagsetning
1.4.1998
HF/--

Vísað er til bréfs dags. 16. mars 1998 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, 521. mál, fyrning sakar.

Barnaverndarstofa hefur þegar gefið umsögn sína um 451. mál, kynferðisbrot gegn börnum, og er afrit þeirrar umsagnar látið fylgja hér með þar sem öðrum þæði er um að ræða sömu atriði.

Barnaverndarstofa vill einungis gera hér að umtalsefni ákvæði um upphaf fyrningarfrests vegna kynferðisbrota. Barnaverndarstofa er hlynnt því að sérregla um upphaf fyrningarfrests skuli gilda um brot framin gagnvart börnum, að sú sérregla nái til brota samkvæmt ákvæðum 194. - 202. gr. alm. hgl. og að ágætt sé að ætla slíkri sérreglu stað í 82. gr. laganna.

Barnaverndarstofa mælir þó eindregið með því að aldursmark verði hærra en 14 ár svo sem lagt er til í þessu frumvarpi. Í áður nefndu frumvarpi sem lagt var fram sem 451. mál var lagt til að fyrningarfrestur teldist eigi fyrir en frá þeim degi er brotþoli yrði sjálfráða og mælti Barnaverndarstofa með þeirri reglu með vísan til sérstöðu þessara mála og stöðu þeirra barna sem beitt eru kynferðisofbeldi. Ljóst er að brot gegn 2. máls. 1. mgr. 202. gr. og 2. mgr. 202. gr. fýrnast á 5 árum. Telur Barnaverndarstofa mjög óeðlilegt að slík brot fýrnist við 19 ára aldur brotþola. Bent er á að brot af þessu tagi eru iðulega framin af aðila sem barn er háð tilfinningalega eða fjárhagslega með einum eða öðrum hætti. Óeðlilegt sé að ætlast til þess að ungmenni á þessum aldri hafi öðlast nægilegt sjálfstæði, þroska og ábyrgð til að kæra brot áður en sök fýrnist.

Þá vill Barnaverndarstofa ítreka stuðning sinn við lögfestingu ákvæðis um lágmarksrefsingu við brotum skv. 202. gr. og vísar í meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllst
f. h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

PÓSTHUSSTRÁTI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Áslaug Árnadóttir, nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

AFRIT

Tilvísun
98020032

Dagsetning
19.3.1998
HF/--

Vísað er til bréfs dags. 20. febrúar 1998 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 45 l. mál, kynferðisbrot gegn börnum.

Barnaverndarstofa mælir með því að umrætt frumvarp verði að lögum.

Tekur Barnaverndarstofa undir það að eðlilegt sé að fyrning sakar skv. tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlega hefjist ekki fyrr en þolandi brots hefur náð sjálfræðisaldri. Sérstaða kynferðisbrota gegn börnum er einmitt gjarnan nefnd sú að afleiðingar slíks ofbeldis eru oft duldar og koma ekki fram fyrr en að löngum tíma liðnum. Sá sem á hlut að máli er oftast en ekki tilfinningalega tengdur barninu og barnið háð meintum geranda. Barn upplifir gjarnan mikinn vanmátt og óöryggi við slíkar kringumstæður og hefur litla hæfni eða getu til að meta stöðu sína fyrr en ofbeldið er um garð gengið og barnið öðlast meiri þroska.

Þá styður Barnaverndarstofa lögfestingu ákvæðis um lágmarksrefsingu við brotum skv. 202. gr. Er hér um alvarlegustu tilvikin að ræða, eða strangasta refsirammann, og ekki óeðlilegt að löggjafinn taki af skarið með því að mæla fyrir um lágmarksrefingu líkt og um nauðgunarbrot þegar um fullorðið fórnarlamb er að ræða. Má færa rök fyrir því að kynferðisbrot gegn barni skv. 1. mgr. 202. gr. sé enn alvarlegri glæpur en brot gegn 194. gr. laganna.

Í greinargerð með frumvarpi segir að ljóst sé að verulega þurfi að bæta þann stuðning og meðferðarúræði sem fórnarlömbum kynferðisbrota standi til boða. Þann 10. mars 1997 fól félagsmálaráðuneytið Barnaverndarstofu að leggja fram tillögur um það með hvaða hætti best væri komið til móts við þarfir og rétt þeirra barna sem hafa sætt kynferðisofbeldi. Eftir nokkuð nákvæma skoðun á þessu var ákveðið að hrinda í framkvæmd hugmynd Barnaverndarstofu um að sett yrði á laggimar svokallað Barnahús. Barnahúsið verður starfsvettvangur fyrir vinnslu þeirra mála þar sem börn hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Þar munu vinna saman starfsmenn barnaverndarnefnda, lögreglu og saksóknara, ásamt sálfræðingum og lækni. Verður unnið að rannsókn og úrlausn mála með það að markmiði að upplýsa mál eins vel og unnt er, koma í veg fyrir endurtekin áföll fyrir barn og sinna markvissri meðferð og stuðningi við alla aðila máls. Forstöðumaður Barnahúss hefur þegar verið ráðinn og er reiknað með að starfsemin hefjist nú á vormánuðum 1998.

Virðingarfyllst
f. h. Barnaverndarstofu

Helga Friðrik

PÓSTHÚSSTRATI 7
PÓSTHÓLF 53
121 REYKJAVÍK

SÍMI 552 4100
BRÉFSÍMI 552 4108